



Framúrskarandi árangur



Rúnar Traustason, lengst til vinstri, Rúnar Ingi Guðjónsson, Elmar Sveinsson og Grétar Þór Björnsson.

Fulltrúar Norðlenska stóðu sig framúrskarandi vel í fagkeppni kjötiðnaðarmanna sem haldin var á Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Smáralind í Kópavogi fyrir skömmu. Þremmingarnir, Rúnar Traustason, Rúnar Ingi Guðjónsson og Elmar Sveinsson, nældu í alls 17 verðlaun – þar af níu gull. Þá sigraði Grétar Þór Björnsson í nemakeppninni.

Rúnar Traustason fékk fern gullverðlaun; fyrir Veisluhangilæri, hangilæri, lifrarpylsu og grafið lambafille. Þá fékk Rúnar tvenn bronsverðlaun, annars vegar fyrir kindakæfu og hins vegar fyrir pressuð svið.

Rúnar Ingi Guðjónsson fékk þrenn gullverðlaun; fyrir kindakæfu, hangikjöt og franska salami og þá hlaut hann silfurverðlaun fyrir léttreyktan lambahrygg.

Elmar Sveinsson fékk alls sjö verðlaun. Fyrsta skal nefna gull fyrir danska lifrarkæfu og El Toro, sem er hráverkaður nautavöðvi. Hann hampaði þrennum silfurverðlaunum; fyrir ostapylsu, hamborgarhrygg og sviðasultu og loks tvennum bronsverðlaunum, fyrir Vínarpylsur og ítalska salami.

Veltan svipuð og 2008

Rekstur Norðlenska árið 2009 var heldur verri en áætlanir gerðu ráð fyrir og er fyrirtækið gert upp með rúmlega 78 milljóna króna tapi.

Velta Norðlenska í fyrra var um 3,7 milljarðar, ámóta og árið á undan. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 208 milljónir en óhagstæð gengisþróun og háir vextir af skammtímalánum hafa komið illa við fyrirtækið eins og mörg önnur. „Veltan var um 1% meiri en árið áður og framlegðarþróun lægri. Þetta er því sölusamdráttur ef tekið er tillit til verðlags en okkur tókst að bregðast við honum með verulegu aðhaldi í öllum rekstri. Nánast allir rekstrarliðir lækkuðu, fjárfestingar voru í algeru lágmarki og er málum hátt að þannig að ekki á að vera mikil fjárfestingaþörf í Norðlenska næstu þrjú ár að minnsta kosti,“ segir Sigmundur Ófeiggsson framkvæmdastjóri.



Sigmundur Ófeiggsson

Erlend lán eru bróðurpartur langtímalána Norðlenska, en skammtímalánan eru innlend. Gengistap á erlendum lánum var 34,7 milljónir króna á árinu og eiginfjárstaða fyrirtækisins er orðin neikvæð um 76 milljónir króna. Ársverkin hjá Norðlenska voru 185 á árinu 2009. Um 700 framleiðendur leggja inn afurðir hjá félaginu sem fyrr.

Bændur í öllum greinum eiga samleið

Framkvæmdastjórinn nefnir tvo rekstrarliði sem hækkuðu verulega og höfðu afgerandi áhrif á rekstrarniðurstöðu; hráefnisverð og húsaleigu. „Því miður er það þannig að ekki hefur tekist að koma nauðsynlegum verðhækkunum á kjöti út í verðlagið, m.a. vegna offramleiðslu á kjöti sem og mikillar fákeppni á smásölumarkaði. Að auki voru fjármagnsliðir mun verri en áætlanir gerðu ráð fyrir en íslenska krónan varð mun veikari en Seðlabanki hafði spáð. Einnig má segja að þjóðfélagsaðstæður séu vægast sagt erfiðar og ekki til þess fallnar að auka neyslu.“ Sigmundur telur afar mikilvægt að bændur standi vörð um eignarhald sitt á Norðlenska og helst þyrftu þeir að eignast fleiri slík fyrirtæki hér á landi. „Það er nauðsynlegt að bændur í öllum búgreinum finni sér samleið og samstarf til að vera samkeppnisfærir við innflutning og ESB. Stækkun eininga með uppkaupum og/eða sameiningum er greininni og þar með bændum nauðsynleg.“

Nýr formaður stjórnar Norðlenska er Heiðrún Jónsdóttir en hún var áður meðstjórnandi. Auður Finnbogadóttir, sem verið hefur formaður, gekk úr stjórn og eru henni færðar þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins. Í stað Auðar kom Sigríður Elín Sigfúsdóttir í stjórn og áfram sitja Ingvi Stefánsson, varaformaður, Geir Árdal, ritari og Aðalsteinn Jónsson, meðstjórnandi.

Kjötfars í rúmlega 100.000 bollur

Sala á kjötfarsi er margföld á bolludegi miðað við aðra daga ársins. Eggert H. Sigmundsson vinnslustjóri Norðlenska segir það magn af kjötfarsi sem fyrirtækið framleiðir ætti að duga í rúmlega eitt hundrað þúsund bollur. „Við seljum þrjár gerðir af farsi; venjulegt kjötfars, saltkjötfars og sælkerafars, en einnig er mikil sala af forsteiktum kjötbollum á bolludaginn,” segir Eggert H. Sigmundsson.

150.000 manns borða saltkjöt frá Norðlenska

Undirbúningur fyrir sprengidaginn stóð í nokkrar vikur að vanda. „Miðað við það magn sem við seljum má áætla að um 150.000 manns borði saltkjöt frá okkur, sem er ekki lítið og ljóst að hlutirnir verða að vera í lagi á þessum mikla lambakjötsdegi,” segir Sigmundur Hreiðarsson, stöðvarstjóri Norðlenska á Húsavík.

Tugir tonna af súrmat

Norðlenska seldi tugi tonna af súrmat á Þorranum eins og undanfarin ár, að sögn Eggerts Sigmundssonar vinnslustjóra á Akureyri.

Starfsmenn Norðlenska byrja að sjóða í súr í september. Allt hið hefðbundna var í boði: pungar, slátur, sviðasulta, lundabaggar, bringur; og að sjálfsgöðu nýtt slátur og sultur auk hangikjötsins sem flestum finnst ómissandi.

Vantar starfsfólk í sláturtíð

Norðlenska leitar að duglegum og jákvæðum starfsmönnum í ýmis störf sem tengjast sláturtíð í haust. Sauðfjárslátrun á Húsavík hefst 1. september og stendur til 27. október, sauðfjárslátrun á Höfn hefst 21. september og stendur til 29. október og sviðaverkun á Akureyri hefst 1. september og stendur til 30. október.

Æskileg reynsla og hæfni: reynsla af áþekku starfi er kostur en ekki nauðsynlegt; samviskusemi og vandvirkni; jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum. Norðlenska útvegar og greiðir fyrir: húsnæði fyrir aðkomufólk á Húsavík og Höfn; mat á vinnutíma; vinnufatnað. Umsóknarfrestur er til 13. ágúst.

Margir starfsmenn hjóluðu í vinnuna

Starfsmenn Norðlenska tóku þátt í átakinu Hjólaði í vinnuna af miklum krafti eins og í fyrra. Á Húsavík voru þrjú 10 manna lið en tvö lið á Akureyri. „Hér var mikil keppni í gangi og nú þegar eru sumir byrjaðir að spá í næsta ár og einn óskaði eftir því að fá úrslitablaðið sent til að skoða þetta,” segir Sigmundur Hreiðarsson stöðvarstjóri Norðlenska á Húsavík.



Í fyrra tóku 39 starfsmenn Norðlenska þátt í átakinu, tvö lið á Akureyri og tvö á Húsavík en nú hjóluðu alls 49 starfsmenn í vinnuna. Hjólaðir/gengnir voru rúmlega 1.550 km í fyrra en nú hátt í 2900 km. Á síðasta ári hjóluðu starfsmenn á Akureyri um 900 km og Húsvíkingar um 650 km en nú sköruðu Húsvíkingar fram úr; hjóluðu alls 1818 km en Akureyringar 1045 km. Norðlenska varð í 3. sæti í flokki fyrirtækja með 150-399 starfsmenn en í 5. sæti í fyrra.

Þeir starfsmenn sem hjóluðu lengst voru Eyþór Viðarsson á Húsavík sem lagði að baki 237 kílómetra og Ingólfur Þórsson á Akureyri sem hjólaði alls 186,6 km. Eyþór er á myndinni til vinstri og Ingólfur hægra megin.